

## Tillaga

Lagt er til að sviðsstjóri og formaður menningar -og íþróttaráðs eigi frumkvæði að samráði við mennta- og barnamálaráðherra og forsvarsmenn ÍBR og ÍSÍ um aðgerðir til að bregðast við áskorunum íþróttafélaga, einkum þeim sem tengjast rekstri meistaraflokka í boltagreinum. Stefnt verði að stofnun samráðsvettvangs sem móti tillögur um reglur og viðmið varðandi fjármál og rekstur íþróttafélaga með það að markmiði að stuðla að sjálfbærum rekstri félaganna og standa vörð um barna og unglíngastarf félaganna. Tryggt verði samráð við viðkomandi sérsambönd í ferlinu.

## Greinargerð

Menningar- og íþróttaráð hélt opinn fund í janúar 2025 um fjármál íþróttafélaga þar sem fjallað var um stöðu og áskoranir félaganna. Erindi héldu, Skúli Helgason formaður menningar- og íþróttaráðs, Ómar Einarsson fyrrverandi sviðsstjóri ÍTR, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir formaður Fjölnis, Ingvar Sverrisson formaður ÍBR, Frímann Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri ÍBR, Þórhildur Garðarsdóttir formaður KR og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ. Á fundinum kom fram m.a. að unnið hafi verið með stærsta íþróttafélagi borgarinnar til að greina helstu áskoranir þess og áskoranir sem félögin í borginni standa frammi fyrir. Meginniðurstaða fundarins var að brýnt sé að efla víðtækt samstarf milli ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar um þessi mál, auk þess sem skýrara regluverk er nauðsynlegt til að tryggja traustan rekstur íþróttafélaga. Draga þarf úr líkum á því að rekstur meistaraflokka í boltagreinum geti stefnt rekstri félaganna í tvísýnu og þar með grafið undan barna og unglíngastarfinu.